



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 28. maí 2025

MSS24060126

UMSÖGN

Umsögn skóla- og frístundasviðs um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um daggæslu á vinnustað

Með tölvubréfi, dags. 2. apríl 2025, var óskað eftir umsögn skóla- og frístundasviðs um svohljóðandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 54. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. júní 2025:

Borgarráð samþykkir að leita samstarfs við barna- og menntamálaráðherra um breytingu á reglugerð um daggæslu í heimahúsi nr. 907/2005, svo skapa megi umgjörð um nýtt daggæsluúrræði á vinnustöðum. Úrræðið yrði hugsað fyrir börn starfsmanna viðkomandi vinnuveitenda, frá lokum fæðingarorlofs og þar til leikskólavist hefst. Úrræðið yrði rekið af hlutaðeigandi vinnuveitendum hverju sinni og börnum tryggð samsvarandi niðurgreiðsla og greidd er með börnum hjá dagforeldrum. Stofnaður verði spretthópur sem hafi það hlutverk að halda utan um verkefnið og skila niðurstöðu fyrir árslok 2024.

Greinargerð fylgi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs

Síðan tillagan var lögð fram í borgarráði 27. júní 2024 hefur einn vinnustaður þegar opnað daggæslu fyrir börn starfsmanna sína. Í þeirri daggæslu starfa tveir dagforeldrar í húsnæði sem þau leigja af Arion banka og bjóða þeir, samkvæmt upplýsingum skóla- og frístundasviðs, börnum starfsmanna Arion banka daggæslu. Þessir dagforeldrar hafa fengið rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun ríkisins með vísan til 3. gr. a [reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsi](#) og uppfylla þar af leiðandi allar kröfur sem gerðar eru til dagforeldra samkvæmt reglugerð þar um. Þar sem daggæslan er starfrækt í Reykjavík hefur Reykjavíkurborg eftirlitsskyldu með daggæslunni skv. 4. gr. sömu reglugerðar. Dagforeldrarnir sem hér um ræðir hafa kosið að skrifa ekki undir þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Þjónustusamningur tryggir meðal annars að dagforeldri bjóði reykvískum börnum daggæslu forgang fram yfir börn úr öðrum sveitarfélögum.



Reykjavík



Í ljósi þess sem að ofan greinir telur skóla- og frístundasvið að fullyrða megi að ekkert í reglugerð um daggæslu í heimahúsi komi í veg fyrir daggæslu á vinnustað að því tilskyldu að öllum skilyrðum sé fullnægt.

Skóla- og frístundasvið fagnar áhuga á málefnum dagforeldra og er tilbúið að taka þátt í hverskonar vinnu sem tengist daggæslu.

Virðingarfyllt,
Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri
skóla- og frístundasvið



Reykjavík